



Faghópur 3

Fundargerð 12. fundar

RHA, Akureyri, 23. nóv. 2009, kl. 8:30-12:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar, 13. Nóv., var samþykkt.
2. **Staða matsvinnu.** Kjartan gerði grein fyrir þróun mála frá síðasta fundi. Hópmeðlimir norðan heiða höfðu hist og kynnti Kjartan vinnuþlagg í framhaldi af þeim fundi; matsblað um hvaða matsþættir hafa áhrif á einstaka kosti. Ákveðið var að allir meðlimir myndu hver í sínu lagi fylla út slíkt form og senda til Kjartans sem tæki saman niðurstöður. Næsta skref verður að stilla hagrænum gildum inn í töfluna. Daði hafði haldið áfram með sitt vinnuþlagg, metið nokkra kosti til viðbótar, og taldi að hagrænt mat á virkjunarkostum fylgdi falli arðsemi og umfangi virkjunarframkvæmda.
- 3.
4. **Skil niðurstaðna.** Kjartan upplýsti að hann hefði þegar lagt drög að loka skýrslu hópsins og varpaði fram þeirri spurningu hvaða forsendur eigi að liggja til grundvallar röðun virkjunarkosta. Meðlimir hópsins sammæltust um að mikilvægt væri að til staðar verði mjög góð almenn greinargerð um forsendur matsins, m.a. um þær takmarkanir sem mati hópsins væru settar. Þessa umfjöllun má m.a. byggja á skýrslum Hagfræðistofnunar sama efni. Hópurinn skiptist á skoðunum um það hvaða þættir skiptu helst máli varðandi matið.
- 5.
6. **Matsþættir.** Meginþættir sem mat mun ná til:
 - a. Þáttatekjur
 - b. Fjölbreytni starfa
 - c. Tekjur sveitarfélaga
 - d. Íbúafjöldi
 - e. Líkur á notkun orku í héraði
 - f. Arðsemi (flokkun) – skv. upplýsingum frá faghópi 4
 - g. Heildarjárnfesting = leiðir af sér störf.Brýnt að velta upp nýjum áherslum og spurningum sem vert er að skoða: Ný/önnur viðmið?
7. **Væntanleg gögn.** Fram kom að fljótlega munu betri gögn liggja fyrir. Landshlutareikningar fyrir árin 2007 og – jafnvel 2008 – eiga að koma út í desember og veltutölur/tekjur sveitarfélaga fyrir árið 2008 eiga að liggja fyrir. Von er á nýjum upplýsingum um fjölbreytni

starfa sem ná til 2008 en óvíst að þær tölur berist í tæka tíð. Nýjar mannfjöldatölur eru einnig væntanlegar innan tíðar og líkur á að mannfjöldatölur m.v. 1. des. 2009 verði tiltækar fyrir jól. Taka bæri tillit til nýrra skýrsla um efnahagsleg áhrif virkjunarframkvæmda frá Hagfræðistofnun HÍ) og samfélagsleg áhrif stórframkvæmda á Austurland.

8. **Vinnan framundan.** Fyrir liggur að leggja nánari drög að greinargerð hópsins. Kjartan mun leggja fram drög að efnisyfirliti og kynnir á næsta fundi. Allir meðlimir hópsins munu koma að texta skrifum greinargerðarinnar. Rétt sé að bíða fram í desember til að sjá hvaða efni verður tiltækt. Fram kom að sýnt er að faghópar 1 og 2 munu ekki skila sínum niðurstöðum fyrr en í janúar.
9. **Línulagnir.** Bent var á að kort sem sýnir drög að línustæðum frá einstökum virkjunum eru tiltæka á vinnusvæði á heimsíðu.
10. **Næsti fundur** verður haldinn á Akureyri 30. nóv. Þá verður umræða um efnisyfirlit greinargerðarinnar, matseyðublöðin verða þróuð áfram og mat á kostum þar sem arðsemi og hagkvæmni liggja fyrir má vinna áfram.-